

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Fimmtudaginn 5. júlí 2007 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Endurskoðunarbréf.**

Fyrir fundinum lá endurskoðunarbréf Davíðs Búa Halldórssonar endurskoðanda sveitarfélagsins þar sem hann gerir grein fyrir endurskoðunarvinnunni og helstu atriðum í ársreikningi 2006. Nokkrar fyrirspurnir voru gerðar vegna endurskoðunarbréfsins og var sveitarstjóra falið að taka saman skýringar vegna þeirra.

**2. Stofnun sjávarlíftækni-seturs.**

Fyrir fundinum lágu drög að stofnsamningi fyrir sjávarlíftækni-setur sem unnið hefur verið að því að stofna á undanförunum vikum. Hreppsnefnd ræddi forsendur stofnunar setursins en samþykktu síðan samhljóða að standa að stofnun þess eins og fyrirbyggjandi gögn gera ráð fyrir. Hreppsnefnd ákvað að leggja fram sem stofnhlutafé kr. 7.000.000.- Samþykkt að halda stofnfund að fundi hreppsnefndar afloknum.

**3. Héraðsnefnd.**

Fyrir fundinum lá fundargerð héraðsnefndar 14. júní sl. ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra og héraðsráðs þar sem sérstaklega er fjallað um hvaða verkefni væri hagkvæmt að fela héraðsnefndinni. Í minnisblaðinu er vísað til ályktunar héraðsnefndarfundar 13. des. 2006 þar sem ákveðið var að kanna hvort rétt sé að fela héraðsnefndinni rekstur brunavarna, félagsþjónustu, byggingarfulltrúaembættis og rekstur grunnskóla. Á fundi héraðsnefndar 14. júní sl. var samþykkt að vísa fyrrgreindum málum til umfjöllunar sveitarstjórna til frekari afgreiðslu og boða til aukafundar um málið.

Svohljóðandi bókun var samþykkt á hreppsnefndarfundinum:

Hreppsnefnd Höfðahrepps lýsir ánægju sinni með að tekið sé til skoðunar hvort sveitarfélögin geti átt sameiginlega hagsmuni af því að hafa samrekstur um verkefni sveitarstjórnanna á svæðinu. Hreppsnefnd telur að æskilegt sé að sameina félagsþjónustu rekstri héraðsnefndar og að byggingareftirlit verði samstarfsverkefni sveitarfélaganna. Hreppsnefndin telur ástæðu til að skoða í tengslum við byggingarfulltrúaembætti möguleikann á að hafa sameiginlegt eldvarnaeftirlit en ekki séu enn sem komið er forsendur til fullrar sameiningar slökkviliðanna.

Hreppsnefnd telur þá sameiningu hins vegar ekki útilokaða í framtíðinni og að mörgu leyti góðan kost. Í þeirri könnun sem gerð var á rekstri grunnskólanna var ekki hægt að sjá verulega fjárhagslega hagsmuni af sameiningu Höfðaskóla við aðra grunnskóla í sýslunni. Hreppsnefnd sér því ekki flöt á því að fela héraðsnefndinni rekstur þeirra.

**4. Grunnskóli, kennslutímar 2007-08**

Fyrir fundinum lá tillaga skólastjóra að kennslutímafjölda skólaárið 2007-2008 en kennslutímafjöldinn var áður til umfjöllunar á fundi fræðslunefndar 16.04.07. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir 340 kest./viku og miðað við 103 nemendur í skólanum. Tillagan gerir ráð fyrir samkennslu í nokkrum bekkjum. Kennslutímafjöldin tekur hins vegar ekki á öðru starfsmannahaldi ss. námsráðgjöf. Tillaga skólastjóra var samþykkt.

**5. Bréf:**

a) Félagsmálaráðuneytis, dags. 22. júní 2007.

Með bréfinu staðfestir ráðuneytið breytingu á nafni Höfðahrepps í Sveitarfélagið Skagaströnd frá og með 1. september 2007.

Bréfið var til kynningar.

b) Styrktarsjóðs EBÍ, dags. 6. júní 2007.

Í bréfinu er boðið upp á umsóknir um stuðning við sérstök framfaraverkefni á vegum sveitarfélaga. Meðfylgjandi bréfinu voru reglur fyrir styrktarsjóð EBÍ. Hreppsnefnd ákvað að taka saman hugmyndir um umsóknir áður en umsóknarfrestur rennur út.

c) Aabenraa Kommune í Danmörku, dags. 26. júní 2007.

Í bréfinu er greint frá því að við sameiningu sveitarfélaga hafi bæjarráð Aabenraa í fjallað um og ákveðið að velja vinabæjakeðjuna Hönefoss (Noregi), Lojo (Finnlandi), Skagaströnd (Íslandi) og Växjö (Svíþjóð) sem hina norrænu vinabæi sveitarfélagsins. Í bréfinu er óskað eftir staðfestingu á að áhugi fyrir vinabæjasamstarfinu sé gagnkvæmur. Samþykkt að rita Aabenraa bréf og lýsa gagnkvæmum áhuga fyrir áframhaldandi samstarfi.

d) Golfklúbbs Skagastrandar, dags. 30. júní 2007.

Með bréfinu er óskað eftir stuðningi vegna námskeiðs í golfi fyrir börn og unglinga. Samþykkt að verða við erindinu og styðja klúbbinn með 100.000 kr. framlagi vegna námskeiðsins.

**6. Fundargerðir:**

a) Fræðslunefndar, 2. júlí 2007.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Aðalfundar Félagsþjónustu A-Hún, 14. júní 2007.

Fundargerðin var til kynningar.

c) Heilbrigðisnefndar Nl. Vestra, 20. júní 2007.

Fundargerðin var til kynningar.

d) Stjórnar SSSNV, 29. maí 2007.

Fundargerðin var til kynningar.

e) Stjórnar SSNV, 14. júní 2007.  
Fundargerðin var til kynningar.

## 7. Önnur mál

a) Hreppsnefnd samþykkti svohljóðandi ályktun:

Hreppsnefnd Höfðahrepps skorar á ríkisstjórn Íslands að grípa til raunhæfra byggðaaðgerða til mótvægis við það áfall sem sjávarbyggðir verða fyrir við niðurskurð á heimildum til fiskveiða. Hreppsnefnd telur óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin beiti sér fyrir markvissum aðgerðum og bendir m.a. á eftirfarandi möguleika:

- Sérstakt átak verði gert í flutningi starfa út á land.
- Aukin áhersla og fjármunir verði lagðir í framhalds og háskólamenntun á Norðurlandi vestra.
- Jöfnun á flutningskostnaði.
- Átak til að styrkja ferðaþjónustu á þeim svæðum sem verða harðast úti.
- Veruleg aukning fjármuna til sjávarútvegsstaða í gegnum jöfnunarsjóð.
- Sérstakur stuðningur við sprotafyrirtæki og rannsóknarverkefni í sjávarbyggðum.
- Byggðastofnun verði eflað bæði fjárhagslega og faglega.
- Stóraukið framlag ríkisins til vaxtasamnings Norðurlands vestra.
- Að Fjárfestingastofu verði beitt sérstaklega í leit að tækifærum erlendis sem nýst gætu þessum byggðum. Í því sambandi er minnt sérstaklega á staðsetningu Blönduvirkjunar.

Hreppsnefnd leggur ríka áherslu að áhrif kvótaskerðingarinnar verði greind eftir byggðarlögum og leitast við að bregðast við byggðaáhrifum í samræmi við þær niðurstöður.

b) Sveitarstjóri leitaði álits hreppsnefndar á að rekin verði gæsluvöllur á lóð leikskólans ef nægjanleg þátttaka verður á meðan leikskólinn er í sumarfrí. Hreppsnefnd samþykkti það fyrir sitt leiti og fól sveitarstjóra að móta verkefnið í samstarfi við atvinnuáttaksverkefnið og vinnuskólann.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18<sup>40</sup>

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Birna Sveinsdóttir  
(sign)

Sigríður Gestsdóttir  
(sign)

Erla Jónsdóttir  
(sign)

Gígja H. Óskarsdóttir  
(sign)

Magnús B. Jónsson  
(sign)